

Reglur og gjaldskrá fyrir gámasvæði Borgarbyggðar Sólbakka 29 í Borgarnesi

1. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir gámasvæði Borgarbyggðar Sólbakka 29 í Borgarnesi.

2. gr.

Leigutakar skulu eiga lögheimili í Borgarbyggð, eiga fasteign í Borgarbyggð eða vera með atvinnustarfsemi í Borgarbyggð.

3. gr.

Sótt skal um svæði fyrir gám á þar til gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda og tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund gáma og skal umsóknarblað undirritað af umsækjanda. Skrifstofa Borgarbyggðar afgreiðir umsóknir í þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun svæðis fyrir gám skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutað svæði til annarra.

4. gr.

Leigutaki á kost á að fá lykil að svæðinu. Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu 10.000,- króna tryggingu við afhendingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

5. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 2 mánuðir m.v. 1. hvers mánaðar.

6. gr.

Leigugjald er innheimt tvisvar á ári fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið, einungis eru endurgreiddir heilir, óhafnir mánuðir. Leigutaki fær ekki aðgang að svæðinu skuldi hann leigu. Svæðið er ekki vaktað og eru gámar á gámasvæðinu við Sólbakka 29 alfarið á ábyrgð eigenda. Hafi gámar ekki verið sóttir innan 2ja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall hefur orðið, áskilur leigusali sér rétt til að selja viðkomandi gám fyrir áföllnum kostnaði.

7. gr.

Leiguverð per ár með vsk. á gámasvæði Borgarbyggðar Sólbakka 29 í Borgarnesi er eftirfarandi:

Gámar 20“ kr. 35.000.-

Gámar 40“ kr. 60.000.-

8. gr.

Gámar á gámasvæðinu skulu vera snyrtilegir og málaðir. Óheimilt er að geyma hluti ofan á gámum sem eru á svæðinu. Heimilt er að synja um geymslu gáma sem ekki uppfylla kröfur skv. þessari grein.

9. gr.

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á gámasvæðinu.

10. gr.

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim gámum sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki ber alla ábyrgð á þeim skemmdum sem gámar á vegum hans valda.

11. gr.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðum þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði gámasvæðisins við brottför.

12. gr.

Skrifstofa Borgarbyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

13. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir gámasvæði Borgarbyggðar Sólbakka 29 í Borgarnesi og taka gildi frá 1.janúar 2017. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 08. desember 2016.

Borgarnesi 12. desember 2016.

sveitarstjóri